

---

# Fundargerð ársfundar 2022

---

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

---

Aðalfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands haldinn þann  
3. júní 2022 kl. 16:00 Í útibúi Landsbankans Austurstræti 11.

---

---

Gögn sem lágu fyrir á fundinum og höfðu jafnframt verið kynnt á heimasíðu sjóðsins:

- Ársreikningur ársins 2021

Sigurgísli Ingimarsson, formaður stjórnar sjóðsins setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Börk Thoroddsen, tannlækni, í starf fundarstjóra. Ekki voru gerðar athugasemdir við þessa tilnefningu og var hún samþykkt með lófataki.

Börkur Thoroddsen tók til máls og þakkaði fundarmönnum traustið og tilnefndi Gústav Gústavsson, starfsmann Landsbankans, í starf fundarritara.

### **Dagskrá fundarins:**

1. Skýrsla stjórnar - Sigurgísli Ingimarsson
2. Kynning ársreiknings- 2021  
- Ólafur Páll Gunnarsson
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt 2021  
- Ólafur Páll Gunnarsson
4. Fjárfestingarstefna 2022  
- Ólafur Páll Gunnarsson
5. Kosning stjórnar
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Kjör endurskoðanda
9. Önnur mál

---

# 1. Skýrsla stjórnar

Sigurgísli Ingimarsson flutti skýrslu stjórnar:

„Fundarstjóri, sjóðfélagar og aðrir fundargestir!

Rekstrarár Lífeyrissjóðs tannlækna árið 2022 var sjóðnum mun hagfelldara en búist mátti við miðað við spár í upphafi ársins. Covid faraldurinn hélt áfram að geisa í samfélaginu og mátti eins reikna með að sú staðreynd myndi hafa neikvæðáhrif á afkomu sjóðsins. Staðreyndin var hins vegar önnur og ávöxtun sjóðsins í lok árs var fullkomlega ásættanleg og raunávöxtun beggja deilda sjóðsins þ.e. séreigna- og sameignadeildar var rúmlega 6% miðað við vísitölu neysluverðs sem hlýtur að teljast afar góð ávöxtun í ljósi aðstæðna. Einnig ber á það að líta að langtíma raunávöxtun sjóðsins er afar góð og er meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára nærri 6% sem er einhver al hæsta langtíma ávöxtun sambærilegra lífeyrissjóða.

Eðli málsins samkvæmt er ávöxtun lífeyrissjóðanna afar háð almennu efnahagsástandi á Íslandi. Covid faraldurinn reyndist samfélaginu dýrkeyptur og var ríkissjóður rekinn með 500 milljarða halla á árinu vegna þeirra efnahagsaðgerða er gripið var til bjargar fyrirtækjum og einstaklingum. Sýnt þykir að áfram verði svipaður halli á ríkissjóði á komandi ári og munar því um minna. Hitt er svo ljóst að þessar aðgerðir urðu til þess að viðspyrna efnahagslífsins varð mun öflugri og hraðari er faraldurinn dvínaði og aðstæður í samfélaginu urðu eðlilegri. Hitt er þó ljóst að óhóflegar skuldir hins opinbera hamla hagvexti og geta rutt úr vegi arðbærum einkafjárfestingum. Því er afar brýnt koma böndum á skuldasöfnun hins opinbera til að auka hagvöxt og auka lífsgæði í landinu. Fámenn þjóð með örmynt getur ekki leyft sér að skulda hlutfallslega jafn mikið og stór hagkerfi. Slíkt fæli frá erlenda fjárfestingum, en hún er afar mikilvæg til að styðja við og örva hagkerfið. Verðbólga jókst verulega á árinu og var 5,5% í árslok og hefur aukist áfram jafnt og þétt og stendur nú í 7,6% og hefur ekki mælst hærrí frá árinu 2010.

Lífeyrisréttindi eru verðtryggð, en eignir lífeyrisjóða sem standa að baki réttindunum eru ekki að fullu verðtryggðar. Fyrir vikið getur verðbólga verið þýðingarmikill áhrifaþáttur þegar kemur að lífeyrisréttindum. Stýrivextir Seðlabankans hafa hækkað jafnt og þétt og standa nú í 3,75% sem er veruleg hækking frá því er þeir voru lægstir eða 0,75%. Seðlabankinn virðist þarna fylgja afar varfærinni stefnu til að sporna við aukinni verðbólgu, en meira þarf til. Núna er rétti tíminn fyrir hið opinbera að draga úr umsvifum sínum og hefja á ný niðurgreiðslu skulda.

Erlendir seðlabankar sem hafa í of miklum mæli dælt út í hagkerfin ódýru fjármagni hafa skyndilega hætt því. Þetta hefur snar aukið verðbólgu í flestum ríkjum innan OECD og mun án efa hafa letjandi áhrif á erlenda markaði fyrst um sinn. Eins og ég spáði fyrir ári þá leiddu hinir lágu vextir til aukinnar lántöku einstaklinga til húsnæðiskaupa sem olli aftur mikilli hækkingu fasteignaverðs sem aftur var fóður á verðbólguþálið. Gengi krónunnar reyndist nokkuð stöðugt á árinu og hækkaði gengi krónunnar um 2,5% á árinu. Þetta skýrist af auknu gjaldeyrisinnflæði af ferðaþjónustu og fjármagnsinnflæði vegna kaupa erlendra aðila í hlutabréfum í Íslandsbanka í afar vel heppnuðu hlutafjárútboði bankans. Þessi sala á hlut ríkisins var afar skynsamleg og ætti að nýtast til að grynnka á skuldum ríkisins eins og fjármálaráðherra hefur jú gefið til kynna að gert verði. Eins og áður sagði þá er staða þjóðarbúsins erfið og var verulegur halli á viðskiptajöfnuði við útlönd í lok árs. Hins vegar var hrein staða þjóðarbúsins við útlönd í lok ársins jákvæð sem nemur um 40,2% af vergri landsframleiðslu sem verður að teljast jákvætt og er Ísland þar í flokki afar fárra landa innan OECD.

Hagvöxtur ársins reyndist þvert á spár jákvæður og mældist rúm 4%. Atvinnuleysi minnkaði jafnt og þétt og er óðum að nálgast fyrri mörk. Launaþróun var upp á við allt árið sem skilaði sér aukinni einkaneyslu sem skýrir að nokkru leiti hinn jákvæða hagvöxt ársins. Núverandi kjarasamningar renna sitt skeið á enda í lok þessa árs og er mikilvægt að þeir verði öllum hagfelldir. Mistök við þá vinnu geta orðið öllum afar dýrkeypt og munu draga úr samkeppnishæfni hagkerfisins. Þjóðarframleiðsla á mann á Íslandi er ein sú almesta í heiminum. Hana ber að varðveita en til þess að svo verði þarf skynsama efnahagsstefnu þar sem allir róa bátinum í sömu átt. Það er því afar brýnt að forystumenn verkalýðs- og stéttarfélaganna gæti hófsemdar í kröfugerð sinni í þeim kjarasamningum sem í hönd fara. Óraunhæfar launahækkanir munu einvörðungu leiða til uppsagna, hærri vaxta og aukinnar verðbólga öllum til óheilla.

Að þessu sögðu er vert að nefna það að íslenska hagkerfið er auðlindadrifið og atvinnuvegir er byggja á nýtingu eru takmörk sett. Þess vegna er afar brýnt að styðja við og skapa frjóan jarðveg fyrir hugverkadrifinn iðnað, viljum við áfram halda uppi sambærilegum lífsgæðum og þær þjóðir sem við gjarnan berum okkur saman við. Það skýtur því nokkuð skökku við að starfsfólki hins opinbera hafi fjölgað um 13% á fjögurra ára tímabili, er á sama tíma fækkaði starfsfólki í einkageiranum um 4%.

---

Þessi þróun leiðir einvörðungu til þess að æ færri standa undir samneyslunni á sama tíma og lífeyrisþegum fjölgar á kostnað hinna vinnandi handa. Þetta mun kalla á auknar skattahækkningar sem nú þegar eru einhverjir þeir hæstu hér á landi svo tekið sé mið af þjóðum innan OECD. Rannsóknir sýna að ótvírætt er að auknar skattar draga úr nýsköpun sem þannig mun draga úr blómlegum hugverkaiðnaði. Innlendir verðbréfamarkaðir voru með líflegasta móti á árinu, sem skýrir góða raunávöxtun lífeyrissjóða. Þannig hækkaði úrvalsvísitalan (OMXI10) um 33% á síðasta ári en heildarhækkun skráðra bréfa nam nærri 40% á árinu í rúmlega 1000 milljarða viðskiptum sem var veruleg aukning frá fyrra ári. Stærð markaðarins jókst þar með verulega á árinu. Þetta hefur aukið áhuga erlendra vísitöluþyrirækja á íslenska hlutabréfamarkaðnum sem að lokum varð til þess að FTSE Russel ákvað að færa íslenska hlutabréfamarkaðinn upp í flokk nýmarkaðsríkja.

Skuldabréfavísitölur hækkuðu minna á árinu og dróst veltan með skuldabréf saman um 34% í kauphöllinni á síðasta ári samanborið við árið áður og voru heildarviðskipti með skuldabréf 1160 milljarðar króna. Þannig hækkaði óverðtryggða skuldabréfavístala kauphallarinnar um 1,5% og sú verðtryggða um 6,5%. Eins og áður sagði þá íslenski hlutabréfamarkaðurinn nú kominn í flokk nýmarkaðsríkja. Þetta mun án efa greiða fyrir aukið innflæði erlends fjármagns á innlenda markaðinn. Það er mikið tækifæri fólgið í auknu erlendu eignarhaldi í innlendum félögum. Þannig koma mismunandi fjárfestar að borðinu með önnur sjónarmið sem munu án efa bæta verðmyndun og jafnvel rekstur félaganna. Ávöxtun helstu erlendra hlutabréfamarkaða var góð á árinu 2021. Hreyfingar á erlendum hlutabréfavísitölum endurspeglar hreyfingu hlutabréfaverðs í heiminum þannig hækkaði heimsvísitala hlutabréfa MSCI, sem mælir gengi rúmlega 1.600 hlutabréfa í heiminum, um 22% í USD. Evrópska hlutabréfavísitalan Euro Stoxx 50 hækkaði um 15% í USD. Bandarísku hlutabréfavísitölurnar hækkuðu einnig þannig hækkaði Dow Jones um tæp 26% í mynt og SP 500 hækkaði um tæp 29% í mynt. Styrking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum á árinu 2022 dró eilítið úr ávöxtun í krónum á tímabilinu. Vextir voru enn í sögulegu lágmarki í flestum löndum á evrusvæðinu og fleiri löndum. Lág vaxtastig viðhélt lágri ávöxtun á flestum skuldabréfamörkuðum erlendis en studdi enn frekar við hækkun á virði hlutabréfa.

Stjórn Lífeyrissjóðs Tannlækna hélt markvisst áfram að auka erlenda eignastöðu sjóðsins og er hún nú að nálgast 40% eigna sjóðsins og stefnt er að því að hún verði 50% af eignum sjóðsins og aukist helst enn frekar. Það má vel færa gild rök fyrir því að erlent eignarhald íslenskra lífeyrissjóða ætti að vera frjálst þ.e. ekki ætti að vera þak á slíkum fjárfestingum. Það væri skynsamlegra að það yrði frekar sett gólf á slíkar fjárfestingar þannig lífeyrissjóðum yrði t.d. skylt að fjárfesta a.m.k. 50% í erlendum verðbréfum. Þannig yrði áhættu fjárfestinga þeirra vel dreift. Einnig má benda á þetta hefði góð áhrif á eignadreifingu á íslenskum hluta- og skuldabréfamarkaði. Heildareignir íslenskra lífeyrissjóða er um 6.800 milljarðar og fjárfestingarþörf þeirra eru 330 milljarðar króna á ári sem er mun meira en íslenski verðbréfamarkaðurinn býður upp á. Í þessu sambandi má benda á að einvörðungu 4% af eignum Norska olíusjóðsins er í norskum félögum. Það skýtur því skökku við að lagt er til af íslenskum fjármálayfirvöldum að svigrúm lífeyrissjóðanna til erlendra fjárfestinga sé rýmkað upp í 65% og taki sú breyting í 15 skrefum á árunum 2024 til 2038. Það er í þessu sambandi vert að vekja athygli á því að félagslegt fjármagn í lífeyrissjóðum velferðarkerfisins er tvöfalt meira en öll árleg framleiðsla þjóðarþúsins og vex hröðum skrefum. Það er styrkleiki. Til þess að tryggja eðlilega áhættudreifingu og hindra bráða hættu á sjálfvirkum samruna lífeyrissjóða og ríkissjóðs í gegnumstreymiskerfi þarf að fjárfesta meiri hluta lífeyrisþarnaðarinnar erlendis.

Því er gjarnan haldið fram að íslenska lífeyriskerfið sé illa rekið og rekstrarkostnaður þess sé óeðlilega hár. Þvert á móti er þetta kerfi afar vel rekið og er árlegur rekstrarkostnaður þess um 0.17% af heildareignum fjárfestingargjöld nema um 0.06% þannig er samanlagður rekstrarkostnaður þess um 0.23 af heildareignum sem er með því al lágsta meðal þjóða innan OECD. Þannig ættu þeir sem hæst láta í þessum efnum fremur að þakka stjórnnum og stjórnendum sjóðanna fyrir vel unnin störf og hætta að hafa áhyggjur af kostnaði sem í öllum samanburði stenst það sem best gerist bæði hérlendis og erlendis. Í upphafi ársins var enn á ný lagt fram frumvarp á Alþingi um allverulegar breytingar á lögum um lífeyrissjóði, í þessum lögum yrðu gerðar talsverðar breytingar í þá átt að útgreiðslur úr séreignasjóðum skerði réttindi lífeyrisgreiðslna frá almannatryggingum. Auk þess munu þessi lög auka flækjustig og kostnað lífeyriskerfisins verulega.

---

Það eru gömul sannindi og ný að þjóðin eldist og hún eldist býsna hratt og við lifum mun lengur. Einnig er verulegt áhyggjuefni örorkutíðni hér á landi virðist vera að aukast. Þannig hefur þeim fjölgað næsta stöðugt frá aldamótum sem eru með 75% örorkumat. Þetta hefur veruleg áhrif til lengri tíma á getu lífeyrissjóða til að greiða sjóðfélögum eftirlaun. Örorka eykst með aldri og þá helst meðal kvenna en síður meðal karla ef frá eru talinn aldurshópurinn 20 – 29 ára samkvæmt gögnum Hagstofunnar. Það er dýrt fyrir fámennt samfélag að missa unga einstaklinga af vinnumarkaði sem þýðir einfaldlega að vinnandi höndum fækkar og skattbyrði einstaklinga mun aukast. Hjá sumum lífeyrissjóðum eru allt að 30% lífeyrisgreiðsla vegna örorkulífeyris. Það er því mikilvægt að vanda valið þegar hefja skal lífeyrissparnað. Í þessu sambandi má nefna að örorkubyrði LTFÍ er sú allra lægsta innan almenna lífeyriskerfisins þannig að þetta hefur engin áhrif á útgreiðslu lífeyris til tannlækna. Rekstri sjóðsins er sem fyrr út vistað til Landsbankans og stjórn sjóðsins fundaði reglulega árinu samkvæmt fundaráætlun með framkvæmdastjóra og fjárfestingastjóra sjóðsins. Á milli reglubundinna funda, átti formaður stjórnar fundi með framkvæmdastjóra sjóðsins um mál sem upp komu milli reglubundinna funda stjórnar LTFÍ.

Eins og undangengin ár starfaði stjórn LTFÍ samkvæmt varfærinni stefnu í fjárfestingum okkur á s.l. ári. Í lok ársins lagði stjórn og rekstraraðili Lífeyrissjóðs Tannlækna ítarlega vinnu í mótun fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2022. Þar var eins og áður sagði lögð áhersla á að auka verulega vægi erlendra fjárfestinga. Dregið var úr vægi innlendra hlutabréfa á sama tíma. Viðhaldið verður sem fyrr vægi ríkisskuldabréfa og skuldabréfa traustra fyrirtækja. Áfram verður boðið upp á lán til sjóðfélaga. Áfram er lögð áhersla á seljanleika eigna sjóðsins á ásættanlegu verð bili. Þannig voru um um 86% eigna séreignadeildar seljanlegar innan viku á ásættanlegu verðbili í lok árs 2021. Með þessu er sjóðurinn á hverjum tíma vel í stakk búinn til að mæta skyndilegu útstreymi úr séreignadeild hans. Lífeyrissjóður Tannlækna er að stærstum hluta séreignasjóður og geta sjóðfélagar valið fjórar leiðir við öflun lífeyrisréttinda og lágmarkstryggingaverndar.

Stjórn sjóðsins hélt á árinu kynningu á sjóðnum fyrir tannlæknanema í húsakynnum Landsbankans. Þetta er liður í því að auka nýgengi inn í sjóðinn. Þessi kynning tókst afar vel og áhugi unga fólksins á lífeyrismálum var mikill og sköpuðust líflegar umræður. Mæting á þessa kynningu var afar góð og óskuðu þau öll eftir að fá að ganga í sjóðinn.

Lífeyrissjóður Tannlækna stendur vel undir framtíðarskuldbindingum sínum og er tryggingafræðileg staða hans góð þó hún hafi aðeins versnað milli ára og mun Ólafur Páll Framkvæmdastjóri sjóðsins skýra þau mál nánar. Við skulum hafa það hugfast þegar rætt er um tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða að þá er verið að ræða um skuldbindingar er lúta að samtryggingadeildum lífeyrissjóða. Lífeyrissjóður Tannlækna er jú að langstærstum hluta séreignasjóður þar sem inneign sjóðfélagans er að fullu erfanleg. Þannig snertir tryggingafræðilega staðan sjóðfélaga í LTFÍ frekar lítið. Það er engu að síður mikilvægt að hún sé í jafnvægi.

Eins og áður sagði þá er rekstri LTFÍ út vistað til Landsbanka Íslands og hefur það samstarf gengið hnökralaust og í raun afar vel. Endurskoðunarnefnd LTFÍ starfaði á síðasta ári samkvæmt skipunarbréfi. Nefndarmenn hennar, skipaðir af stjórn LTFÍ voru Gísli Vilhjálmsson og Þórólfur Ólafsson tannlæknar og Jóni Gunnsteinn Hjálmarsson löggiltur endurskoðandi. Hlutverk nefndarinnar er sem fyrr að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila svo og virkni innra eftirlits og áhættustýringu. Enn fremur eftirlit með endurskoðun ársreiknings, mat á óhæði endurskoðanda svo og að koma með tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda til næsta árs. Ég vil þakka þeim fyrir góð og vel unnin störf.

Eitt er það málefni sem ég finn mig knúinn til að tjá mig um og það er hið sívaxandi eftirlitsbákn á Íslandi. Þrátt fyrir yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í stjórnarsáttmála 2017 og í stjórnarsáttmála sömu ríkisstjórnar árið 2021 um að regluverk verði einfaldað hefur lítið orðið um efndir. Hér virðist einhvers konar Parkinsons lögmál ríkja þar sem regluverkið þyngist jafnt og þétt og bitnar það allra verst á litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Er nú svo komið að þetta bákn er farið að vekja athygli út fyrir landsteinana. Hefur til að mynda Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) farið að gera athugasemdir við ástand þessara mála hér á landi. OECD kannar með reglulegu millibili hversu þyngjandi regluverk aðildaríkjanna er í þjónustuviðskiptum. Ísland kemur verst út úr þeim samanburði og skipar sér þar í flokk með Mexíkó, Tyrklandi og Ísrael þ.e. ríkjum sem við berum okkur ekki gjarnan saman við. Önnur erlend stofnun eða IMD viðskiptaháskólinn í Lausanne í Sviss sem rannsakar samkeppnishæfni ríkja, en samkvæmt úttekt hans er Ísland eftirbátur hinna Norðurlandanna þegar kemur að því að skapa hagfelld umhverfi fyrir viðskiptalíf. Ísland situr þar í 21. sæti meðan hin Norðurlöndin raða sér í efstu sæti listans.

---

Lífeyrissjóður Tannlækna fékk sannarlega að finna fyrir þessu í lok árs þegar eftirlitsgjald á sjóðinn var hækkað um 30% frá fyrra ári. Hér var um forðæmalaus hækkingu að ræða sem var ekki neinu hlutfalli við hækkingu gjaldsins á aðra lífeyrissjóði. Undirritaður ásamt framkvæmdastjóra sjóðsins háðu hér harða rimmu við hið opinbera en við urðum að lokum að lúta í gras. Það var þó boðið upp á endurskoðun og samtalið um málið og mun því undirritaður ásamt framkvæmdastjóra sjóðsins halda á næstunni á fund formanns fjárlaganefndar til að reyna að fá þessu óréttlæti hnekk.

Að þessu sögðu vil ég þakka öllum félögum mínum í stjórn fyrir afar ánægjulegt og árangursríkt samstarf á síðasta ári svo og ágætu starfsfólki Landsbankans og vil ég þar sérstaklega nefna Ólaf Pál Gunnarsson framkvæmdastjóra LTFÍ. Ég horfi því sem fyrr björtum augum fram á veginn og vona að næsta rekstrarár verði LTFÍ hagfellt og þakka ég fyrir mig.

Lifið heil!

---

## 2. Ársreikningur 2021

Fundarstjóri gaf því næst Ólafi Páli Gunnarssyni orðið og gerði hann grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2021. Ársreikningur var lagður fram á fundinum sem var áritaður af óháðum endurskoðanda þann 28. apríl 2022. Ársreikningurinn var staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra og árit-

aður af endurskoðanda sjóðsins þann 28. apríl 2022. Ólafur fór yfir lykiltölur í ársreikningnum. Ársreikninginn ásamt skýringum má nálgast á heimasíðu sjóðsins.

---

## 3. Tryggingafræðileg úttekt 2021

Ólafur Páll Gunnarsson fékk næst orðið og gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt sjóðsins á árinu 2021. Fram kom að úttektin væri aðgengileg í ársreikningi á heimasíðu sjóðsins og fundarmenn gætu glöggvað sig betur á henni þar. Tryggingafræðileg úttekt sjóðsins var unnin af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi.

Ólafur Páll gerði einnig grein fyrir reikniforsendum úttektarinnar og aðferðum.

Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings voru heildareignir samtryggingadeildar 338,8 m.kr. lægri en heildarskuldbindingar deildarinnar eða -8,9%. Áfallin staða er jákvæð um 87,4 m.kr. eða sem nemur 4,4% af áfallinni skuldbindingu. Framtíðar-

skuldbinding er um 426,2 m.kr. umfram eignir eða sem nemur -23,4%. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt fyrir árið 2020 var heildaskuldbinding sjóðsins jákvæð um 0,2%. Fram kom að mikil breyting á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins á milli ára skýrðist af nýjum dánar- og eftirlifendatöflum sem gefnar voru út af fjármála- og efnahagsráðherra í lok árs 2021 en töflurnar byggja á tillögum Félags íslenskra tryggingarstærðfræðinga. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða má munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga ekki vera meiri en 10%. Sama gildir ef munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

---

## 4. Fjárfestingarstefna 2021

Fundarstjóri gaf Ólafi Páli Gunnarssyni orðið og hann fór yfir fjárfestingarstefnu 2022. Fjárfestingarstefnan var samþykkt af stjórn sjóðsins þann 24. nóvember 2021 og má hana finna á heimasíðu sjóðsins. Fram kom að af eignum séreignardeildar væru um 46% í eigu sjóðfélaga sem hefðu náð 60 ára aldri og því þyrfti stórt hlutfall af eignum sjóðsins að vera í eignum sem teldust seljanlegar, þ.e. að hægt yrði að selja eignirnar á ásættanlegu verðbili á tiltölulega skömmum tíma. Fram kom að hlutfall seljanlegra eigna væri rúmlega 90% af eignum sjóðsins. Helstu breytingar sem gerðar voru á fjárfestingarstefnu sjóðsins á milli ára voru að vægi erlendra hlutabréfa var aukið úr 26% í 40%,

vægi skuldabréfa með ábyrgð ríkisins var minnkað úr 35,5% í 25%, vægi erlendra skuldabréfa var minnkað úr 6,5% í 5% og vægi sértryggðra skuldabréfa var aukið úr 13% í 14%.

**Fundarstjóri, sagði orðið laust ef einhver fundarmanna vildi gera athugasemd við fyrstu fjóra liðina á dagskrá fundarins.**

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir vegna dagskrárliða nr. 1 til 4. Engar spurningar voru bornar upp. Fundarstjóri bar því næst ársreikning ársins 2021 fram til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

---

## 5. Kosning stjórnarmanna

Kjósa þurfti tvo stjórnarmann til þriggja ára. Tvö framboð höfðu borist fyrir fundinn, Margrét Helgadóttir og Sæmundur Pálsson. Engin fleiri framboð bárust á fundinum og fengu Margrét og Sæmundur því einróma kosningu.

---

## 6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Tillögur til samþykktarbreytinga þurfa að berast stjórn sjóðsins með skriflegum hætti fjórum vikum fyrir ársfund. Engar samþykktabreytingar voru lagðar til að þessu sinni.

---

## 7. Ákvörðun um laun stjórnar

Formaður stjórnar fékk orðið og gerði grein fyrir tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna.

Samkvæmt henni skyldu stjórnarlaun hækka um 8,6% sem er í takt við hækkun launavísitölu frá fyrra ári. Stjórn LTFÍ leggur til að stjórnarlaun verði

kr. 41.000 á mánuði, fimmfalt fyrir stjórnarformann eða kr. 205.000 og tvöfalt fyrir varaformann eða kr. 82.000.

Fundarstjóri bar tillögu undir fundarmenn og var hún samþykkt með öllum atkvæðum.



---

## 8. Kjör endurskoðanda

Tillaga stjórnar að endurskoðanda sjóðsins árið 2022 var: Baker Tilly endurskoðun (áður Rýni endurskoðun), Suðurlandsbraut 18. Fundarstjóri bað

fundarmenn að gefa merki um afstöðu þeirra til tillögunnar. Enginn var á móti og var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

---

## 9. Önnur mál löglega borin fram

Engin önnur mál voru til umræðu.

### **Fundi slitið kl. 17:00**

Á fundinn voru mættir 5 sjóðfélagar sem fara samtals með 0,03% af atkvæðarétti.

